

Sterkari inn í framtíðina

Skýrsla forstjóra 2022



Formaður stjórnar fór afar vel yfir stóru myndina sem árið 2021 málaði; þá krafta sem hafa togast á og Harpa glímdi við vegna áhrifa Covid-19. En það sem meira er um vert - hin fjölmörgu umbóta- og fjárfestingaverkefni sem munu gera okkur enn öflugri í upprisunni. Annað árið í

slagnum við Covid-19 reyndist því vera bæði krefjandi og gjöfult.

Ársreikningurinn sem hér er fram lagður og ég mun nú fara yfir í stórum dráttum, talar sínu máli í þessu efni.

Ársreikningurinn inniber samstæðuna Hörpu ohf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögini þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu, Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem sér um rekstur á bílastæðahúsi Hörpu og er 77,1% í eigu Hörpu á móti 22,9% hlutdeild Eignasjóðs Reykjavíkurborgar og loks Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er að fullu í eigu Hörpu.

Áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus og staðfestir að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Rekstur og starfsemi síðastliðins árs einkenndist áfram af þeirri óvissu og sveiflum sem leiddi af heimsfaraldrinum. Áskoranir sem spruttu af síbreytilegum samkomutakmörkunum settu viðburðahaldi miklar skorður með tilheyrandi tekjutapi en umtalsverður árangur náðist í að lágmarka tekjumissi og draga úr rekstrarkostnaði Hörpu. Nýir rekstraraðilar tóku svo til starfa á haustmánuðum og hafa bæði breikkað framboð og aukið þjónustuna við gesti Hörpu.

Rekstrarreikningur

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 121,7 milljónir króna árið 2021, samanborið við 113,2 milljónir króna árið 2020.

Tekjur af starfseminni námu 782,5 milljónum króna samanborið við 537 milljónum króna árið 2020 og hækkuðu því um 245,5 milljónir króna. Á síðasta heila árinu fyrir Covid námu rekstrartekjurnar 1.209,6 milljónum króna og nemur lækkun tekna frá þeim tíma 35%.

Rekstrarframlag frá eigendum nam í upphafi árs 450 milljónum króna auk tekjfærðs mismunar vegna fjármögnunarsamnings 25,3 milljónir króna. - en vegna íþyngjandi áhrifa Covid-19 náðust samningar um nauðsynleg viðbótarframlög að fjárhæð 284,6 milljónir króna.

Alls námu því tekjur samstæðunnar 1.567 milljónum króna og er það 301 milljóna króna hækkuð frá fyrra ári en riflega 92 milljónum króna lægri heildartekjur en árið 2019.

Gjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar námu alls rúmlega 1.445 milljónum króna í samanburði við 1.152 milljónir króna á fyrra ári og hækkuðu um 25% eftir að hafa dregist saman um tæp 30% á milli áranna 2019/2020.

Samkvæmt nánari sundurliðun nam húsnæðiskostnaður alls 595 milljónum króna og hækkaði um 27,7 milljónir króna í kjölfar 87,3 milljóna króna lækkunar á milli áranna þar á undan. Hlutur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði nam 309,7 milljónum króna eða 52%. Laun og launatengd gjöld voru 483,6 milljónir króna og hækkuðu um 72,6 milljónir á milli ára en voru þó lægri sem nemur 40 milljónum króna ef horft er til ársins 2019. Hækkuun launakostnaðar á milli áranna 2020/2021 skýrist annars vegar af auknu umfangi í viðburðahaldi, og hinu að árið 2020 vann þorri fastra starfsmanna í skertu starfshlutfalli eftir því sem verkefnastaða leyfði og á meðan úrræði eins og hlutabótaleið voru í gildi.

Stjórnendateymi og stjórn Hörpu töku einnig á sig umtalverða launaskerðingu á því ári.

117 starfsmenn voru á launaskrá hjá Hörpu á árinu 2021 og er það fjölgun um 8 starfsmenn frá árinu 2020. Stöðugildum hélt hins vegar áfram að fækka og voru þau 35 talsins. Þetta er fækkuð um 11 frá árinu 2019 þegar þau voru 47 og má það augljóslega rekja til óhjákvæmilegra aðgerða og áhrifa faraldursins líkt og áður hefur verið rakið.

Fastráðnir starfsmenn í árslok skiptust í 22 konur og 19 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 32 konur og 13 karla.

Annar rekstrarkostnaður nam 367 milljónum króna í samanburði við 174 milljónir króna á fyrra ári og munar þar langmestu um aukinn kostnað vegna umfangsmeira viðburðahalds og verkefni tengd afmælisárinu.

Tap að fjárhæð 162 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til afskrifta sem nema tæplega 337 milljónum króna, fjármunaliða og reiknaðs tekjuskatts, samanborið við rúmlega 184 milljónir króna tap á árinu 2020.

Efnahagur

Fjárfestingar, sem voru að mestu leyti fjármagnaðar með hlutafjáraukningu eigenda, námu á árinu alls um 535 milljónir króna. Um er að ræða viðamiklar breytingar á jarðhæð hússins og fleiri rýmum, LED væðingu á stærstum hluta ljósa í Hörpu, viðgerð á þaki, orkusparnaðarverkefni og frágang á lóð. Til viðbótar telst nauðsynleg endurnýjun annars búnaðar að því marki sem fjárhagur félagsins leyfði.

Fastafjármunir samstæðunnar - sem innibera einnig langtímafjáreign samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg frá 2013 - nema 31.7 milljörðum króna.

Handbært fé hækkaði á milli ára um rúmar 30 milljónir króna og nam 1.1 milljarði króna.

Með veltufjármunum nema eignir samstæðunnar því samtals rúmum 33.5 milljörðum króna og er það hækkuð upp á um 530 milljónir.

Seinni hluti hlutafjáraukningar var greiddur á síðastliðnu ári og nam sú fjárhæð 149 milljónum króna. Hlutafé nam í árslok 3.782 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar nam tæplega 11 milljörðum króna í árslok 2021 eða 33%.

Langtímaskuldir, sem eru fyrst og fremst skuldabréf vegna stofnkostnaðar við byggingu Hörpu, hækkuðu um rúmar 351 milljónir króna á milli ára, og námu 21,2 milljarði króna. Skammtímaskuldir hækkuðu einnig en ársafborgun af skuldabréfinu er m.a. færð þar.

Heildarskuldir samstæðunnar hækkuðu um 555 milljónir króna og námu 22,6 milljörðum. Eigið fé og skuldir námu samtals rúmlega 33.5 milljörðum króna samanborið við 33 milljarða króna á fyrra ári.

Í skýrslu stjórnar kemur fram það mat stjórnenda að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að mæta tekjutapi Hörpu vegna Covid-19, aðgerðir stjórnvalda, sérstök framlög frá

eigendum og handbært fé samstæðunnar, dugi til að samstæðan geti staðið undir skuldbindingum sínum á komandi misserum. Það er því mat stjórnenda að samstæðan sé rekstrarhæf og er samstæðuársreikningurinn lagður fram á þeim grundvelli. Að öðru leyti vísa ég til skýringa og frekari sundurliðana í reikningnum.

Starfsemin

Árið 2021 markaði fyrsta áratuginn frá opnun Hörpu. Það má nærri geta hvort ekki hafi verið uppi margháttaðar hugmyndir og metnaður fyrir því að bjóða þjóðinni heim og fagna viðburðarríku upphafi. Flest fór þó á annan veg en lagt var upp með – þótt tekist hafi þrátt fyrir allt að minnast áfangans á fallegan hátt eins og formaður fór yfir í sinni ræðu. Þrátt fyrir að áhrif heimsfaraldursins hafi dregist á langinn og litað alla starfsemi ársins voru haldnir 867 viðburðir í Hörpu samanborið við rúmlega 500 á árinu 2020. Það eru að jafnaði um 17 á viku og rúmlega 60% af viðburðahaldi venjulegs árs.

Tónleikar og listviðburðir voru alls 465 og voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar af 75 og viðburðir á vegum íslensku óperunnar 9. Svokallaðir MICE viðburðir eða ráðstefnur, fundir, veislur og tengdir viðburðir voru 324 sem er veruleg fjölgun frá fyrra ári þegar aðeins 141 slíkir viðburðir voru haldnir. Líkt og árið 2020 var mikið um streymisviðburði eða blanda viðburði þar sem sent var út með gestum í sal.

Þrennir tónleikar voru haldnir á vegum Hörpustrengja – dótturfélags Hörpu. Heimssviðið – er vettvangur fyrir ungt framúrskarandi tónlistarfólk í samvinnu við samtök tónlistarhúsa í Evrópu (ECHO) og svo einn af hápunktum afmælisársins sem var heimsókn Concertgebouwkest - einnar bestu sinfóníuhljómsveitar í heimi – sem hélt tónleika í Eldborg og hlaut viðburðurinn framúrskarandi viðtökur og dóma. Einnig var heimsfrumflutt dans- og tónverkið Are We Ok eftir Maríu Huld Markan og danshöfundinn Daniel Roberts - sem samið var sérstaklega inn í húsið.

Vinnan við þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar hafa verið á Hörpu setti sterkan svip á starfsemi ársins og segja má með sanni að illmögulegt – ef ekki ómögulegt- hefði verið að ráðast í þær samhliða viðburðahaldi á venjulegu ári. Þannig urðu til dýrmæt tækifæri sem við náðum að nýta til fullnustu.

Harpa - ávallt á heimsmælikvarða

Áhersla stjórnenda á síðasta ári var áfram á yfirveguð viðbrögð í síbreytilegri krísu, góða upplýsingamiðlun og ábyrgt viðburðahald. Jafnframt var reynt með öllum ráðum að standa vörð um störfin hjá félaginu og þá innviði sem eru grundvöllur tekjuöflunar hjá miklum fjölda viðburðahaldara, tónlistamanna, tæknifólks og rekstraraðila.

Lykilatriði í okkar huga var sem áður að ganga ekki svo nærri rekstrinum í niðurskurði að það kæmi niður á möguleikum Hörpu til að grípa öll tækifæri og rísa svo hratt upp um leið og gjörningaveðrum slotaði. Reynslan og árangur síðasta árs sýnir svo ekki verður um villst að þessi nálgun skilaði tilætluðum árangri.

Í því vandasama verkefni hefur starfsfólk Hörpu staðið saman eins og klettur og var í fararbroddi í þeim varnarsigrum sem unnist hafa. Ég tek þannig heilshugar undir góð orð formanns stjórnar og þakkir til þessa góða hóps. Stuðningur stjórnar og eigenda hefur einnig verið einstakur og fyrir það er ljúft og skylt að þakka.

Harpa stendur nú sterkari en nokkru sinni fyrr og fer bjartsýn inn í næsta áratuginn. Tími varnarsigra er vonandi að baki – tími sóknarinnar er runninn upp.

6. apríl 2022

Svanhildur Konráðsdóttir